

101 *Styrktarsjóður fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akur-
eyrarkaupstað 1890.*

	Tekjur:		Kr. a.	Kr. a.
1. Eign 1. jan. 1890:				
a. Jörðin Einarsstaðir með Pjetursborg	2000	00		
b. Peningar	100	55		2100 55
2. Jarðarafgjöld:				
a. Landskuldir í fardögum 1890:				
1. 12 sauðir veturgamlir eptir verðlagsskrá 18 ⁹⁰ / ₉₁ á 10,49 ¹ / ₂		125	94	
2. 40 pör tvinnabandsgjaldsokka eptir sömu verðlagsskrá á 0,49		19	60	
b. Leigur haustið 1890:				
80 pd. smjörs eptir sömu verðlagsskrá á 0,48 ¹ / ₂		38	80	184 38
3. Í gjafahirzlunni fundust				18 36
4. Til jafnaðar færast gjaldl. 3.				140 00
				<u>2443 25</u>

	Gjöld:			
1. Styrkur veittur 14 ekkjum			130	00
2. Aðgerð á gjafahirzlunni			32	58
3. Fyrir sparissjóðsbók			0	25
4. Lagt í sparissjóð á Akureyri			140	00
5. Eign við árslok 1890:				
a. Jörðin Einarsstaðir með Pjetursborg	2000	00		
b. Í sparissjóði	140	00		
c. Í peningum	0	42		
				<u>2140 42</u>
				2143 25

102

Amtsbókasafn norður- og austuramtsins 1890.

	Tekjur:		Kr. a.	
1. Í sjóði frá f. á.			154	20
2. Styrkur úr landssjóði			200	00
3. — — jafnaðarsjóði			200	02
4. Tillög frá notendum safnsins			58	00
5. Aðrar tekjur			2	50
				<u>614 72</u>

	Gjöld:			
1. Fyrir bækur			329	21
2. — bókband			20	30
3. — bókasafnsstofuna (5. afborgun)			100	00
4. Bókavardarlausn			50	00
				<u>499 51</u>
			Flyt:	499 51

	Kr. a.	102
	Flutt:	499 51
5. Annar kostnaður	25 16	
6. Eptirstöðvar til næsta árs	90 05	
	<hr/>	614 72

Íslands norður- og austuramt. Akureyri 3. júní 1891.

J. Havsteen.

Reglugjörð

103

fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði og fl. 30. júlí

I. Kafi um afrjett og upprekstur.

1. grein.

Hreppsnefnd hvers þess hrepps, er afrjett á, skal annast um, að geldur fjenaður (hross, naut og sauðfje) sje rekinn til afrjetta á þeim tíma, sem hentast er, eptir árferði og öðrum kringumstæðum. Hreppsnefnd hvers þess hrepps, sem engan afrjett á, skal ef unnt er, og hún álítur þess þörf, útvega hreppsbúum sumarhaglendi fyrir geldfjenað þeirra móti hæfilegu endurgjaldi úr hreppsjóði. Skulu þeir fjáreigendur skyldir til að reka fjenað sinn á hið fengna haglendi, sem að áliti hreppsnefndarinnar ekki hafa nægilegt haglendi fyrir fjenaðinn heima.

2. grein.

Nú eru fráfarulömb rekinn til fjalls, afrjettar- eða leigulands, þá skulu þau setin þar að minnsta kosti einn sólarhring.

3. grein.

Nú gengur fjenaður af afrjetti svo mjög, að hreppsnefnd álítur heimalöndum hreppsbúa sinna of-íþyngt, annast hún þá um, að afrjettarfjenaðinum sje smalað og rekinn til afrjettar á kostnað sveitarsjóðs.

4. grein.

Eigi má ónáða fjenað þann, sem í afrjetti eða fjalli á að vera, fyrir fjallskil, nema landeigandi og hlutaðeigandi hreppsnefnd leyfi.

II. Kafi um fjallskil.

5. grein.

Allir þeir, sem hafa jörð til ábúðar, sem metin er til dýrleika, skulu skyldir að smala heimaland sitt til rjetta. Þeir, sem hafa 6 kindur fullorðnar eða fleiri til eignar eða umráða, skulu skyldir að smala fjall-lönd og afrjetti eptir fyrirskipun hlutaðeigandi hreppsnefndar. Þeir, sem hafa 30 kindur fullorðnar eða fleiri til eignar eða umráða, skulu skyldir eptir boði hlutaðeigandi hreppsnefndar að senda mann í utan-hrepps-rjettir.

6. grein.

Hreppsnefndin boðar með fjallgangnasedli 3 vikum fyrir fyrstu fjallgöngur, hvernig göngum skuli hagað, og hverjir fara skuli í utansveitarrjettir. Nú hefir hrepps-